

Kynning á niðurstöðum faghópa rammaáætlunar

Selfossi, 13. mars 2010 kl. 11:00-13:00

Rúmlega 30 gestir.

Fundarfrásögn: Helga Barðadóttir

Fulltrúar frá verkefnisstjórn:

Svanfríður I. Jónasdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Elín Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Björg Eva Erlendsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir. Einnig Tómas Þór Tómason, starfsmaður og Helga Barðadóttir sem ritaði fundarfrásögn.

Þar sem Svanfríður komst ekki til að vera við upphaf fundar sá Guðni um að kynna fyrst hlutverk rammaáætlunar og síðan fór hann í gegnum niðurstöður faghópa III og IV.

Anna kynnt síðan niðurstöður faghóps II og í kjölfarði kynnti Þóra Ellen niðurstöður faghóps I.

Að loknum kynningum var opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Margir urðu til að þakka bæði fyrir vandaða vinnu að rammaáætlun og fyrir að fundur skyldi haldinn á Selfossi.

Umræður og fyrirspurnir:

Aldís Hafsteinsdóttir-bæjarstjóri í Hveragerði

Aldís sagði mikinn áhuga í Hveragerði á þeim virkjanakostum sem væru í og við byggðina í Hveragerði. Hún óskaði eftir því að fá að vita hvernig hefði verið metin sú staðreynd að Hveragerði er staðsett í túnfætinum á háhitasvæði og þar með væri mikil loftmengunarhætta frá jarðhitavirkjunum? Vill Ítreka að Hveragerði er stutt frá mörgum virkjanakostum, sérstaklega Bitru og setti vegalengdir í samhengi við 101 Reykjavík vs. Ártúnsbrekku.

Guðni

Varðandi loftmengun þá er gert ráð fyrir almennum reglum um mengunarmörk og ekki reiknað með að loftmengun fari yfir leyfileg mörk. Hvar leyfileg mörk liggja og umræða um það er ekki á verksviði verkefnisstjórnar.

Ragnhildur Sigurðardóttir, náttúrufræðingur

Las úr gögnum að orkugeta svæða vær miðuð við 50 ár. Er það sjálfbær nýting? –vísar t.d. til Kröflu sem rekin hefur verið í um 30 ár.

Vísar í að sérfræðingar OS tala oft um 300 ár.

Samfélagsáhrif af virkjunum í Neðri Þjórsá og Norðlingaveitu –þar séu minnst samfélagsáhrif skv. niðurst. faghópa en var í rannsóknum tekið tillit til samfélagslegra áhrifa af innansveita deilum?

Hvernig voru náttúrufræðingur loftmengunar skoðuð?

Var fjármagn nægjanlegt til verkefnisins, sérstaklega miðað við að vinnan eigi að fá lagalegt gildi?

Guðni

Líðan fólks í sveitarfélaginu ekki skoðað sérstaklega heldur áhersla á atvinnuþróun, ekki tekin afstaða til þess hvort það að virkja gott eða vont.

Svanfríður

Varðandi fjármuni og aðstöðu: Eins og í öllu starfi – hér var til takmörkuð þekking og aðstaða til að sinna málum, en sinnt eins og best var hægt miðað við efni og aðstæður. Mikil gagnasöfnun farið fram í tengslum við vinnu að rammaáætlun og því treyst að þau gögn sem lögð eru fram séu betri en ef ekki hefði verið farið af stað. Alltaf miðað við þær uppl. sem bestar eru á hverjum tíma.

Svanfríður

Það verður aldrei svo að til sé nægt fé eða tími og alltaf verður hægt að gera betur. Sú breyting orðið frá því að 1. áfangi var unnin að ríkisstjórnin vill nú að ramminn fái lögformlega stöðu.

1. lög sem fjalla almennt um rammaáætlun
2. þingsályktun með niðurstöðum verkefnisstjórnar

Lög ættu að verja þá sem eiga aðild að máli – hvað verður um niðurstöður.

Gert ráð fyrir að niðurstöður verkefnisstjórnar verði flokkaðar í þrjá flokka. Verndarferli er bara gagnvart orkuvinnslu, biðflokkur í hann falla þeir kostir þar sem ekki liggja fyrri nægjanlegar upplýsingar og í þriðja flokki verði kostir sem megi nýta. Það þarf þó ekki að þýða að þeir kostir endi allir með virkjun!

Ákveðin vörn fyrir alla. Réttarstaða skýrari ólíkt því sem var með 1. áfanga.

Sigprúður Jónsdóttir, hreppamaður

Hvernig voru metin félagsleg áhrif og þá sértaklega áhrif á innviði samfélagsins á svæðinu?

Fram hafi komið að orkufyrirtækin hafi fengið tækifæri til að kynna virkjanahugmyndir. Hvernig var háttað að komu annarra hagsmunaaðila að ferlinu?

Guðni

Aðkoma orkufyrirtækjanna var sú að þau bentu á þá virkjanakosti sem þau höfðu haft til skoðunar, en einnig voru ýmsir aðrir sem komu með ábendingar um virkjanakostir. Orkustofnun hefur einnig haft til skoðunar kosti sem teknir voru með í vinnuna. Rammi safnar saman öllum mögulegum virkjanakostum yfir 10 MW –og engum kostum var hafnað í ferlinu nema á grundvelli stæðar – áhersla á að fá sem mest inn.

Jafnframt var leitað til fjölda einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka við undirbúning vinnunnar.

Svanfríður

Mikilvægt að heyra hvernig hugmyndirnar virka á samfélagið en það var ekki til umfjöllunar nema að litlu leyti hjá verkefnisstjórn heldur hvort áhrif verða lítil eða mikil – samfélagsins að vinna úr því – snýst allt á endanum um fólk og hvernig það bregst við

Anna

Varðandi útivist þá er litið á það hvernig breytingar vegna hugsanlegra virkjana geta haft áhrif á íbúa –þarf þó að kanna betur varðandi íbúa í Mývatnssveit og Hveragerði. Fáar rannsóknir til en verður vonandi bætt úr á næstu árum.

Renata Hanemann

Spurði hvort metin hefði verið áhætta af virkjunum fyrir menn og dýr.
Voru það orkufyrirtækin sem mátu hagkvæmni einstakra virkjanakosta.
Hverjir unnu lýsingar á virkjanakostum?

Guðni

Orkufyrirtækin skiluðu inn hagkvæmniútreikningum fyrir virkjanakosti og OS hafði aðgang að gögnum og gat sannreynt útreikninga út frá gefnum forsendum. Hagkvæmni virkjanakosta sem ekki komu beint frá orkufyrirtækjunum var reiknuð út hjá verkfræðistofu. Engin launung að mikil óvissa er í mörgum tilfellum.

Lýsing á virkjanasvæðum var unnin af Sveinbirni Björnssyni og við þá vinnu voru notaðar allar tiltækar upplýsingar. Vinnan á ábyrgð OS.

Svanfríður

Nauðsynlegt að hafa í huga hvers konar fyrirbæri rammaáætlun er og hvað er hún ekki.
Verkefnisstjórn falið að vinna út frá því hvar eru hugmyndir um orkuvinnslu – ekki verið að skoða óháð öðru – virkjun er frumlag. Til þess þarf uppl. frá orkufyrirtækjunum og síðan er aflað uppl. frá öðrum – T.d. er Náttúrufræðistofnun Íslands stór aðili þar. Faghópar bæði í 1. og 2. áfanga hafa dregið saman mikið magn upplýsinga auk þess sem mikil frumvinna hefur farið fram.
Öll gögn og upplýsingar vegna vinnunnar aðgengileg á heimasíðunni.

Eyþór Ólafsson – Hveragerði

Sakna þess að ekki hafi verið skoðað áhrif á íbúa. Veltir upp hvort það hafi verið rétt skilið hjá sér að mikilvægi svæðis minnki hafi því þegar verið raskað og vísar í því sambandi til Hellisheiðar og þá sérstaklega Bitru og Grændals. Þ.e. að þeirra mikilvægi minnki vegna þeirra framkv. sem þegar hefur verið ráðist í á Hellisheiði.

Þóra Ellen

Virkjanakostir metnir og bornir saman. Almennt talið betra að halda áfram á röskuðu svæði en raska öröskuðu svæði. Grændalur var ekki talinn vera raskað svæði.

Ólafur Sigurjónsson

Hefur ekki verið minnst á náttúruhamfarir

Varðandi áhættumat v. neðrihluta Þjórsár – gert ráð fyrir að stíflan við Urriðafoss geti ekki brostið í heilu lagi –og því væri enginn áhætta fyrir íbúa af hennar völdum.

Hvað gerist ef kemur stór jarðskjálfti – dómínóáhrif á stíflur!

Í vinnunni bara fjallað um örverur og plöntur en ekki fólk og áhættuna sem af náttúrhamförum hlýst. Ekki heldur fjallað um að samfélögin eru klofin og sundruð og fólk hrakið úr starfi.

Guðni

Ekki á verksviði rammans að taka á þessum málum – áhættumat fellur undir vinnu við mat á umhverfisáhrifum og þegar virkjun er hönnuð.

Varðandi áhrif virkjana –vísað í niðurstöður faghóps III. Margir hafa miklar ranghugmyndir varðandi áhrif virkjana– t.d. að nýta eigi orkuna í heimabyggð – þarf ekki að vera jákvætt að spyrða saman orkuframleiðslu og nýtingu hennar í heimabyggð. Nauðsynlegt að skoða þessi áhrif frekar. Hvernig hefur þetta áhrif á sveitarfélög – kemur inn á lög og reglur og stjórnsýslu varðandi sveitarfélög – verður alltaf erfitt í litlum sveitarfélögum.

Oddur Bjarnason – Skeiða og gnúp.

Hver verður aðgangur almennings varðandi athugasemdir. Getur almenningur haft áhrif.

Eftirá áhrif af stórframkvæmdum t.d. Búrfell, Tungnárvirkjun, Blanda, Kárahnjúkar.

Mikill kraftur á uppbyggingartíma.

18 ár milli þess sem íb. hús var byggt á Hellu – mikil áhrif fyrir austan – fólki kemur ekki til með að fjölga.

Guðni

Eftirááhrif af starfseminni er tekið fyrir af faghóp. III. Vísað í skýrslu um samfélagskönnunina fyrir austan.

Tryggvi Steinarsson – Skeiða og Gnúpverjahr.

Óskar eftir frekari uppl. um það hvernig áhrif erum metin á landslag.

Selfossvirkjun – sennil. rennslisvirkjun eða hvað? Er tillit tekið til farvegar neðan virkjunar – eða aðeins horft á rennslisbreytingar.

Verði af Norðlingaölduveitu hverfi fallegir fossar og mikil landslag

Er það rétt að verðmæti slíkra náttúrufyrirbæra sé ekki metið.

Póra Ellen

Varðandi landslag þá er ljóst að faghópur I hefði viljað hafa tækifæri til að heimsækja svæðin en því varð ekki við komið af ýmsum ástæðum, ekki hvað síst vegna þess hve fjárhagslegur stakkur var þröngt sniðinn. Ljóst að það vantar mat á fagurfræðilegu, tilfinningalegu og upplifunargildi landslags og sagði Póra mikilvægt að farið verði í þá vinnu.

Vísar í rannsókn við HÍ varðandi landslag sem lá til grundvallar.

Faghópur I mat ekki Selfossvirkjun en hins vega áhrif Norðlingaölduveitu og þar kom skýrt fram að mikil áhrif yrðu á fossaröðina í Þjórsá.

Margar og góðar myndir til fyrir flest svæði.

Anna

Upplifun 50% vægi fyrir ferðamennsku – landslaga þar allt undir – partur af aðdráttarafli er að sjálfsögðu landslag.

Eyþór Ólafsson Hveragerði

Af hverju að hafa með svæði sem allir eru sammála um að verði aldrei virkjuð svo sem Torfajökull, Kerlingafjöll og fl.

Árdís Jónsdóttir – Gnúpverjahreppi

Telur mikilvægt að skoða áhrif virkjana á samfélag og líðan fólks, vísar í því sambandi til deilunnar um Blönduvirkjun. Tilvísun í „Hauk á Röðli“ sem segist ekki óska neinu samfélagi að fá slíka deilu inn á sitt borð.

Ólafur Sigurðsson

Vísar í að margar virkjanahugmyndir hafi upphaflega komið frá orkufyrirtækjunum og telur að útreikningar hvað varðar ýmsa þætti, svo sem vatnshæð vegna virkjana í Þjórsá séu ekki réttar, í það minnsta ekki í samræmi við útreikninga tveggja annarra sjálfstæðra aðila.

Telur lítið að marka rannsóknir þar sem sömu aðila sjái bæði um rannsóknir og eigi allt undir. Er bara Hann telur lítið tillit tekið til íbúa – fólkið lítið metið.

Bergþóra ...

Vill benda á að endalaus peningar fari í áróður sérstaklega frá LV.

Svanfríður

Ítrekar að upplýsingar vegna virkjanakosta hafi ekki eingöngu komið frá orkufyrirtækjunum og að margir fundir hafi verið haldnir með bæði fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum.

Kristinn Briem

Varðandi áhrif lóns á grunnvatn – hefur það verið skoðað?

Þóra

Áhrif lóna og rennslisbreytingar á grunnvatn eru mikilvæg atriði, sem snerta m.a. virkjanahugmyndir við Urriðafoss. Gert er ráð fyrir miklum skurði, allt að 20 m. breiðum fyrir vestan lónið – á að draga úr áhrifum á grunnvatn á Skeiðunum.

Uppi mjög ólíkar hugmyndir um áhrif Skaftárveitu varðandi læki og lindir í Landbroti og Meðallandi Rennslisbreytingar skipta líka miklu varðandi áhrif á flæðiengjar.

Faghópurinn mjög meðvitaður – áhrif sem jafnvel koma ekki fram strax. Er eitt af því sem alltaf verður óvissuþáttur, líka í mati á umhverfisáhrif.

Í lok fundar ítrekaði formaður að allar frekari upplýsingar væri að finna á heimasíðu verkefnisins og sagði jafnframt að kynningarferlið er einnig umsagnarferli og að tekið verði við umsögnum og athugasemdum til 19. apríl.